

Heil og sæl kærur nemendur og foreldrar/forráðamenn

Það er nokkur atriði sem ég vil vekja athygli á úr skólastarfinu. Nú stendur yfir **Góðgerðarvika hjá NFF** en verið er að safna fyrir minningar- og styrktarsjóðinn Örninn, sem styður við bakið á ungum syrgjendum. Þá fer fram **8 liða keppni í Morfís** í kvöld. Keppnin fer fram í Menntaskólanum við Sund og er gert ráð fyrir spennandi keppni á milli skólanna. Nemendur eru hvattir til að mæta og styðja við sitt lið, áfram Flensborg! **Leikfélagið** er síðan í óða önn við að undirbúa leiksýningu ársins, *Með allt á hreinu*, og er gert ráð fyrir frumsýningu verksins **miðvikudaginn 2. apríl**. Tímasetningar og miðasala verða nánar auglýst á samfélagsmiðlum skólans síðar og er um að gera að fylgjast með helstu tíðindum úr fjölbreyttu skólastarfi þar.

Miðannarmat á V2025 var birt á dögnum. Ég vona að nemendur skoði það vel og nýti það til hvatningar um að ná enn betri árangri í náminu. Framundan er svo **valvika**, sjá leiðbeiningar [hér](#), en hún hefst á mánudaginn í næstu viku og stendur yfir fram eftir vikunni. Valið er opið öllum nemendum og geta þeir valið sjálfir í gegnum INNU. Aðstoð verður jafnframt veitt við valið á **Græna torginu** alla næstu viku.

Að lokum, **kennsla fellur niður eftir hádegið á föstudaginn**, þann 14. mars, vegna starfspróunar.

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400

